

4. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019
haldinn í Garði Norður í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 24. maí 13:00-14:30

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður, Erna Reynisdóttir – Barnaheill, Marianna Traustadóttir – ASÍ, Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi, Ragnar Schram – SOS Barnaþorp, Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið, Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins, Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands og Alda Lóa Leifsdóttir – Sól í Tógó.

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Diljá Mist Einarsdóttir (aðstoðarmaður ráðherra), Ágústa Gísladóttir (deildarstjóri), Jón Erlingur Jónasson (deildarstjóri), Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur), Ásdís Bjarnadóttir (sérfræðingur) og Ragnheiður Kolsöe (sérfræðingur).

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkki), Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni Grænt framboð), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólanum á Bifröst), Bjarni Gíslason (Hjálparstarfi kirkjunnar), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) og Logi Einarsson (Samfylkingu) tilkynntu forföll. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkki), Birgir Þórarinsson (Miðflokkki) og Sara Elísa Þórðardóttir (Pírötum) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Kristjana Sigurbjörnsdóttir
Fundur settur 13:03

1. Fundur settur.

Formaður bauð nefndarfulltrúa velkomna á 4. fundar nefndar á árinu. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Formaður fór yfir breytingar á dagskrárliðum sem tilkynntar voru með viku fyrirvara og kynnti gesti fundarins.

2. Kynning á lokaskýrslu starfshóps utanríkisráðherra um framtíðarfyrirkomulag skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Formaður bauð Jón Karl Ólafsson, ráðgjafa og formann starfshópsins, velkominn. Starfshópurinn var skipaður af ráðherra í nóvember sl. og í honum áttu sæti auk Jóns Karls, Cecilia M. Ljungman (ráðgjafi sem áður hefur leitt úttekt á skólum HSP á Íslandi) og Þórarinn Sólmundsson, fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Davíð Bjarnason, deildarstjóri á þróunarsamvinnuskrifstofu, var starfsmaður hópsins. Leitað var eftir upplýsingum frá skólunum og ítarlegt samtal við stjórnendur þeirra fór fram auk þess sem starfshópur heimsótti skólana. Markmið starfshópsins var að koma með tillögur að framtíðarsýn fyrir skólana sem varða skipulag, rekstur og alþjóðlegt samstarf, en samstarfi þeirra við HSP mun ljúka í lok árs 2019 og því komið að ákveðnum tímamótum í þeirra starfi á Íslandi. Vinna starfshópsins staðfesti að alþjóðlegt samstarf er öllum skólunum almennt mjög mikilvægt og tenging við alþjóðastofnun mikilvæg framtíð þeirra. Í starfslýsingu starfshópsins voru ákveðnar spurningar sem hópurinn leitaðist við að svara, m.a.: er hagræðing fólgin í því að sameina skólana frekar/samlegðaráhrif? Á að hafa skólana á einum og sama staðnum, og þá kanna staðsetningu t.d. utan höfuðborgarinnar, kanna aukið samstarf við atvinnulífið og hvaða alþjóðlega samstarf henti best. Helstu niðurstöður eru reifaðar í skýrslunni *Institutional arrangements, operations and organisation of the Icelandic Capacity Development Programmes in International Development*. Þeirra á meðal eru að ekki er talið þörf á grundvallarbreytingum á uppbygginu náms í skólunum en skerpa megi á tengingu þeirra við annað þróunarsamstarf Íslands sem er tækifæri til að ná fram auknum samlegðaráhrifum. Starfshópurinn telur að stíga þurfi varlega til jarðar í sambandi við aukna tengingu við atvinnulífið. Eins og uppsetningin er núna er umtalsvert samstarf við atvinnulífið, t.d. á sviði orku- og fiskimála, og verður að gæta að sjálfstæði skólanna þar sem hagsmunir fyrirtækja og þróunarmarkmið fara ekki alltaf saman. Skoða mætti möguleika á að samræma tiltekna rekstrarþætti/umsýslu og stefnumótun skólanna með það

að markmiði að ná fram frekari hagræðingu í rekstri (t.d. húsaleigu, ferðalögum, umsóknum um dvalarleyfi o.fl.) og auka samlegðaráhrif á milli skólanna. Starfshópurinn lagði til að áframhald verði á samstarfi við þær stofnanir sem nú hýsa skólana og ekki verði gerðar neinar breytingar á staðsetningu þeirra, en hópurinn mat það svo að ekki væri ráðlagt að flytja skólana utan höfuðborgarsvæðisins þar sem ekki mikið fjárhagslegt hagræði myndi hljóta af því. Ein helsta sérstaða skólanna er hin mikil nánd og tengsl nemenda, sérfræðinga/kennara og stjórnenda skólanna sem væri erfiðara að viðhalda og dýrara ef skólarnir væru hýstir í burtu frá stofnunum þar sem sérfræði- og fagþekkingin væri til staðar. Varðandi alþjóðasamstarf, telur starfshópurinn að samstarf við UNESCO í gegnum Category 2-stofnun væri heppilegasta fyrirkomulagið og skoðaði hópurinn mögulegar leiðir til að uppfylla kröfur UNESCO um slíkt samstarf, þ.á.m. hvernig megi einfalda skipulag skólanna og setja þá undir eina sjálfstæða miðstöð (e. centre) á vegum utanríkisráðuneytisins. Slík miðstöð hefði umsjón með fjársýslu og sameiginlegri stefnumótun skólanna og UNESCO og myndi starfa undir einni sameiginlegri stjórn. Útfærslu á slíku fyrirkomulagi verður hins vegar að kanna vandlega með tilliti til íslenskrar löggjafar. Framkvæmdastjóri yrði ráðinn til að stýra miðstöðinni og ynni með 5 manna stjórn sem myndi fjalla um stefnumótun og útteilingu fjármagns. Leggja þyrfti niður núverandi stjórnir skólanna og setja upp fagråd í staðinn. Framkvæmdastjórn skólanna væri eftir sem áður í höndum núverandi forstöðumanna, sem myndu ekki eiga sæti í stjórn stofnunarinnar, auk nýráðsins framkvæmdstjóra. Stjórnin yrði samansett af fulltrúa frá utanríkisráðuneyti, frá menntamálaráðuneyti, frá UNESCO, hugsanlega frá samstarfslandi Íslands í þróunarsamvinnu og aðila utan íslenskrar stjórnsýslu. Ekki er um að ræða byltingarkenndar breytingar, frekar bætur á stjórnun og rekstri skólanna með hagræðingu að leiðarljósi til að minnka yfirbyggingu þeirra. Gera þyrfti skýrari samninga við rekstraraðila skólanna, t.d. Orkustofnun og Háskóla Íslands, um hvað sé innifalið í slíku samstarfi. Sérfræðingur utanríkisráðuneytisins, sem jafnframt var starfsmaður starfshópsins, sagði frá því að hagkvæmniathugun væri nú í gangi með erlendum ráðgjöfum á vegum UNESCO um hvort og hvernig samstarf með UNESCO væri mögulegt. Drögum að skýrslu þeirra er að vænta upp úr miðjum júní og lokaskýrsla á svo að liggja fyrir í lok júní.

Umræður í nefnd

Aðspurður hvort starfshópur hefði tekið tillit til ábendinga sem komu fram í skýrslu Þóris Guðmundssonar fyrir utanríkisráðuneytið árið 2014 um að þjálfun ætti að fara meira fram á vettvangi en á Íslandi, svaraði Jón Karl því til að það hefði verið skoðað. Starfshópur leggur til að ef aukið verður við opinbert þróunarsamvinnufé, þá mætti nota skólana meira á vettvangi. Stjórnendur skólanna fengu þá spurningu hvað þeir myndu gera ef framlög yrðu tvöfölduð til þeirra og svar þeirra var að auka ætti vinnu út á við, í þeim löndum sem þeir fá nemendur frá og beina þjálfun þangað, þar væru helstu vaxtartækifærin. Jón Karl svaraði því þannig hvort um hagræðingu er að ræða en ekki aukakostnað við stofnun nýrrar miðstöðvar, að það kostar að ráða forstöðumanneskju og ekki hægt að losna við þann kostnað ef UNESCO-tillagan verður að veruleika. Á móti kemur að töluverður ávinningur gæti falist í því að sameina hluta af rekstrarkostnaði skólanna undir einn hatt t.a.m. samræma húsaleigu, ferðalög og almennan rekstur auk skýrari samninga við stofnanir sem skólarnir tengjast. Nefndarfulltrúi spurði hvort skoðað hefði verið að gera þetta að stofnun innan Háskóla Íslands og hvort mannréttindastiku hefði verið beitt á mat á starfi skólanna þar sem kostnaður við rekstur þeirra endar á Íslandi. Jón Karl sagði að það hefði verið skoðað en styrkleikar skólanna eru fyrst og fremst áherslan á hagnýta þjálfun og allflestir nemendur sem koma hingað hafa nú þegar a.m.k. grunnháskólapróf og var það því sameiginlegt mat starfshóps að það væri ekki fýsilegt að færa skólana yfir í íslenska háskóla. Skólarnir hafa samt allir sterk tengsl við íslenskt háskólasamfélag þar sem þeir bjóða upp á styrki til meistaranáms og doktorsnáms við íslenska háskóla. Það er rétt að mikið af kostnaði við skólana verður eftir hér á landi en sú sterka upplifun nemenda, að búa og lifa í íslensku samfélagi, er stór hluti af náminu að mati nemenda. Er mannréttindastikan metin í því samhengi. Enn fremur benti nefndarfulltrúi á að gagnrýnivert væri að hvert skólapláss kostar 40 þúsund dollara en fyrir það væri t.d. hægt að byggja marga vatnsbrunnna í samstarfslöndum Íslands og víðar. Þar sem um mikið fjármagn er að ræða eru miklir hagsmunir í húfi fyrir skólana og erfitt að sleppa tökum. Uppstokkun á kerfinu væri skref í rétta átt en ákjósanlegri væri að sjá meiri metnað í að fjármagnið endi ekki bara á Íslandi.

3. Niðurstöður starfshóps um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu.

Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu, kynntu helstu niðurstöður úr vinnu starfshóps um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Skýrslan ber heitið *Mannréttindi sem drifkraftur breytinga: Mannréttindamiðuð þróunarsamvinna í tvíhliða samstarfi Íslands*. Í tilefni af nýrri þróunarsamvinnustefnu, sem lá fyrir Alþingi frá haustþingi og var nýlega samþykkt, setti utanríkisráðherra á stofn starfshóp með það að markmiði að greina og útfæra leiðir til að nýta við innleiðingu mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfi og hvernig beita megi sértækum aðgerðum, málsvarastarfi og samþættingu mannréttinda við þróunarsamstarf Íslands. Auk Diljár sátu Hanna Katrín Friðriksson og Andri Óttarsson í starfshópnum. Erla Hlín Hjálmarsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu var starfsmaður hópsins. Starfshópurinn leitaði fanga víða og fór m.a. í heimsókn til Danmerkur og Finnlands til að læra af starfi þeirra í mannréttindamiðaðri þróunarsamvinna. Setti hópurinn fram 21 tillögu sem vonast er til að verði nýttar til grundvallar heildrænnar stefnumótunar fyrir annað starf þróunarsamvinnuskrifstofu. Í grunni að framkvæmdaáætlun sem sett er fram í skýrslunni má finna 13 grundvallarafurðir sem unnið verður að á árinu. *Sjá kynningu sem fylgiskjal við fundargerð.*

Umræður

Aðspurð hvort starfshópurinn hafi gert sér grein fyrir því að það gæti gert Íslandi erfitt fyrir að brydda upp á ákveðnum mannréttindabrotum við stjórnvöld í ríkjum sem eru samstarfslönd okkar sem þau vilja loka dyrum fyrir, sagði Diljá að íslensk stjórnvöld væru núna að forgangsraða mannréttindum og því ætti alltaf að taka upp erfið mál. Í héraðsnálgun Íslendinga er rými til að taka þessi mál upp og er vonast til að slíkar samræður og samstarf hafi keðjuverkandi áhrif, lítil skref eru stór skref þegar upp er staðið. Sérfræðingur þróunarsamvinnuskrifstofu sagði DAC fylgjast núna með nálgun Ástrala, sem eru að prófa aðra nálgun en hefur verið á þessu sviði, en hún svipar til héraðsnálgunar Íslendinga. Hægt væri fyrir Íslendinga að koma víða að, m.a. leggja áherslu á innleiðingu lagasetninga varðandi réttindi fatlaðra í Úganda eða um barnahjónabönd í Malaví. Jafnframt að beita sér fyrir umbreytandi verkefnum á þessu sviði líkt og gert var í samfélagi heyrnarlausra í Namibíu áður en Ísland fór þaðan. Deildarstjóri á þróunarsamvinnuskrifstofu lagði áherslu á að stöðugt væri verið að byggja upp traust við héraðsyfirvöld og stöðugt samtal tryggir að hægt sé að hlusta eftir þörfum en líka ýta við ákveðnum réttindamálum sem Ísland setur á oddinn í samstarfi við heimafólk, en Ísland hefur m.a. beitt sér fyrir réttindum barna í skóla í Mangochi-héraði, og tekið upp málefni sem varða barnahjónabönd og pólitísk réttindi kvenna í héraðinu við yfirvöld þar. Aðspurð hvort vert væri að forgangsraða 5-10 atriðum sagði Diljá að starfshópurinn væri ekki að leggja til að hverfa frá núverandi stöðu enda hafi Ísland síðasta áratuginn skapað sér sérstöðu, t.d. með aðstoð við heyrnarlausra í Namibíu, og ætti alltaf að kappkosta við að hafa sveigjanleika í nálgun hverju sinni. Hvort aukakostnaður væri samhliða þessari innleiðingu svaraði sérfræðingur þróunarsamvinnuskrifstofu því til að vinna færi brátt í gang fyrir fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2020 og ljóst að setja þyrfti fjármagn til að geta framkvæmt þessa stefnu. Nefndarfulltrúi vildi vita hvort samráð hafi verið haft við frjáls félagasamtök í vinnu starfshópsins, samanber tillaga 14 um aukið samstarf við frjáls félagasamtök í samstarfslöndum Íslands, og fékk þau svör að innlegg frá fulltrúum félagasamtaka í þróunarsamvinnunefnd væri vel þegið í þessum efnunum. Nefndarfulltrúi vildi að dregið yrði aðeins úr þeirri nálgun og fullyrðingu sem sett er fram í skýrslunni sem gengur út frá þeirri grundvallarhugsun að brot, takmarkanir og virðingarleysi fyrir mannréttindum sé orsök annarra vandamála í þróunarríkjum. Nefndarfulltrúi sagði það vera almenna skoðun að efnahagslegur ójöfnuður, sem er hnattrænt vandamál, sé grunnrót vanda flestra fátækari ríkja og ekki bæti úr skák þegar virðing fyrir mannréttindum er fótum troðin á sama tíma. Þessi atriði væru nátengd og oft erfitt að koma auga á grunnorsök vandans. Þess vegna gengur Kínverjum vel víða t.d. í sunnanverðri Afríku þar sem þeir koma inn með fjármagn og láta sig mannréttindi fólks, eða öllu heldur brot þar á, sig engu varða. En hvað getur Ísland gert jákvætt? Er aðgengi að menntun og gæði menntunar grundvallarréttindi sem og

aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem hefur svo margföldunaráhrif? Diljá svaraði því til Ísland gæti svo sannarlega byggt á því jákvæða en væri á sama tíma ekki ánægt með árangur í mannréttindamálum samstarfslanda sinna og áhyggjufullt yfir nálgun Kínverja í álfunni. Ef hugsað sé til þess hversu mikið hefur áunnist í réttindastöðu hinsegins fólks á Íslandi síðustu 20-30 ár, sem er meira og minna málsvarastarfi og réttindabaráttu félagasamtaka að þakka, má ætla að Ísland geti lagt sitt af mörkum og stutt við ferli til að slíkt bætist annars staðar.

4. Önnur mál.

Endurskoðun laga um þróunarsamvinnu: sérfræðingur þróunarsamvinnuskrifstofu tilkynnti um fyrirhugaða endurskoðun laga um þróunarsamvinnu með haustinu á Alþingi en löggin eru að mörgu leyti úrelt, t.d. vegna samruna Þróunarsamvinnustofnunar inn í utanríkisráðuneytið, þá samræmist löggin ekki lögum um opinber fjármál og þá sé endurskoðun laganna þörf ef ný UNSECO-stofnun verður til. Endurskoðun mun enn fremur ná til starfsreglna og samsetningar þróunarsamvinnunefndar.

Starfsáætlun haustsins: gott að fá álit þróunarsamvinnunefndar á því hvað hún vill sjá á dagskrá þeirra þriggja funda sem áætlaðir eru í haust. Uppfærð starfsáætlun er að finna á svæði nefndar á vef utanríkisráðuneytisins.

Nýr ritari þróunarsamvinnunefndar: Ragnheiður Kolsöe, sérfræðingur í mannúðardeild þróunarsamvinnuskrifstofu, tekur við starfi ritara nefndar af Kristjönu Sigurbjörnsdóttur. Henni eru þökkuð góð störf.

Nýr skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, Jón Erlingur Jónasson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, tekur við starfi Maríu Erlu Marelsdóttur, sendiherra og núverandi skrifstofustjóra þann 1. ágúst nk. Jón Erlingur sat fund nefndar.

Athugasemdir við skýrslur sem voru kynntar í dag má senda á ritara nefndar: ragnheidur.kolsoe@utn.is

Næsti fundur nefndar verður haldinn föstudaginn 7. júní frá kl. 11:00 - 12:30. Boðið verður upp á léttan hádegisverð en fundur er að þessu sinni haldinn í Jörundarstofu, Rauðarárstíg 27, 4. hæð.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 14:45.